# KJÖLUR

# Dagskrá aðalfundar

1. Skipaður fundarstjóri og fundarritari
2. Skýrsla stjórnar frá síðastliðnu ári og skýrsla orlofssjóðs
3. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár
    1. a. Félagssjóður - umræður - borið upp til afgreiðslu
    2. b. Orlofssjóður - umræður - borið upp til afgreiðslu
4. Lagabreytingar
5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða
6. Tekin fyrir málefni Fræðslusjóðs skv. reglum sjóðsins
    1. Fræðslusjóður - umræða - borið upp afgreiðslu
7. Tekin fyrir málefni Átaks- og Vinnudeilusjóðs, skv. reglum sjóðsins
    1. Átaks- og vinnudeilusjóður - umræða - borið upp til afgreiðslu
8. Samþykkt fárhagsáætlun næsta árs
9. Önnur mál

# Starf stjórnar Kjalar stéttarfélags




KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Félagsfólk

- Félagsfólk Kjalar ásamt félögum í lífeyrisdeild Kjalar (517) eru  2275 talsins. Meðalaldur er 50,9 ár (meðalaldur virkra félagsmanna er 44,4 ár). Konur eru 1613 og karlar 662.



# FÉLAGSSVÆÐI KJALAR












Kaldi


KJÖLUR
AKUREYRAR


KJÖLUR

# Frábær fræðsludagur félagsfólks í leikskólunum



# Þing BSRB 2024 – Afl í þágu almennings

Sonja Ýr Þorbergsdóttir var endurkjörinn formaður BSRB á 47. þingi bandalagsins. Þá var Fjölnir Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna, kjörinn nýr 1. varaformaður bandalagsins og Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags í almannaþjónustu, endurkjörin í embætti 2. varaformanns BSRB.



# Nýir kjarasamningar sveitarfélög og aðrir

- Gilda frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028
- 36 stunda vinnuvika
- Hlé frá störfum þar sem starfsfólki í dagvinnu er heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður viðkomið starfsins vegna en hefur ekki forræði yfir þeim hléum nema um annað sé samið
- Hækkun á framlagi í félagsmannasjóðinn Kötlu fyrir starfsmenn sveitarfélaga

# Ríkið - stofnanasamningar og jöfnun launa

- Gildistími 1. apríl 2024 til 31. mars 2028
- Undirritað samkonulag um áfangasamkomulag um jöfnun launa og unnið verði að virðismati fyrir starfsmenn ríkisins
- 3,25% launahækkun og 0,7% aukalega á launatöflu
- Unnið að endurnýjun stofnanasamninga
  - SAk
  - HSA

Kjaramál

# Jöfnun launa milli markaða þarf að ná í höfn

Kjarasamningur þorra félagsfólks Kjalar í störfum hjá ríki og sveitarfélögum rennur út rennur út þann 31. mars næstkomandi. Undir lok síðasta árs samþykkti stjórn félagsins að fela BSRB samningsumboð til kjaraviðræðna við Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkið. Ástæða þess er ekki síst sú áhersla að BSRB, KÍ og BHM eru í samfloti við frágang á eftirstöðvum kjarasamninga árið 2016 sem snýr að jöfnun launa milli markaða. Bandalögin þrjú ákváðu því í byrjun febrúar að hafa með sér samflot um meginefni nýrra kjarasamninga með það að markmiði að ná meðal annars þessu veigamikila atriði í höfn.



Ljóst var eftir gerð skammtímasamninga á almennum markaði í desember síðastliðnum að til slíkra samninga yrði líka horft á opinberum markaði. Mikilvægt er að tryggja félagsfólki að samningur taki við af samningi og launabætur skili sér þar með í vasa þess sem fyrst.

# Staða og líðan Kjalarfólks

Könnun ætluð félagsfólki í aðildarfélögum BSRB og ASÍ (168.000 félagar)

- Lögð fyrir frá 4. til 17. janúar 2024.
- 21.095 svöruðu
- Svarhlutfall 13%

Kjölur

- 529 svöruðu
- Svarhlutfall 29,3%

VARÐA
Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

# Auðvelt að ná endum saman



# Geta mætt 80.000 óvæntum útgjöldum



# Yfirdráttur, smálán, bílalán, skammtímalán og lán frá vini/fjölskyldu



# Orðið fyrir mismunun á undanförnum tveimur árum




GB GALLERY
ER'EG MINNA VIRÐI EN BRÓÐIR MINN?
STELPUR ROKKA!!!
EQAL WORK EQAL PAY
JAFNRÉTTI Á BÁÐA BÓGA!!

# Kvennaárið 2025

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað á sínum tíma að árið 1975 skyldi sérstaklega helgað málefnum kvenna.

Fyrsti kvennafrídeginum á Íslandi sem haldinn var á degi Sameinuðu þjóðanna þann 24. október 1975.

Dagurinn skipaði sér á bekk með merkari dögum Íslandssögunnar því konur um allt land lögðu niður störf og um 25 þúsund konur söfnuðust saman á Lækjartorgi í Reykjavík á einum stærsta fjöldafundi sem haldinn hefur verið hér á landi.

Um 90% íslenskra kvenna lögðu niður launuð sem ólaunuð störf þennan dag og þessi fyrsti íslenski kvennafrídagur, sem stöðvaði hjól íslensks samfélags, vakti ekki aðeins athygli hér á landi heldur víða um heim. Tilgangurinn var að mótmæla margvíslegri mismunun gegn konum á vinnumarkaðnum sem og að vekja athygli á framlagi kvenna til samfélagsins.

Í haust verða því 50 ár liðin frá þessum merka viðburði og stendur Kjölur stéttarfélag, líkt og önnur aðildarfélög BSRB.

Sagan sýnir að sameiginlegur kraftur kvenna er óstöðvandi með slagorðið að vopni:

**Við getum, þorum og viljum!**
Gerum kvennafrídaginn 2025 þann stærsta og kraftmesta í Íslandssögunni.

# Mannauðssjóðurinn Hekla tekur til starfa

Haustið 2024 var gengið frá sameiningu mannauðssjóða með bókun í kjarasamningi Kjalar og annarra bæjarstarfsmanna-félaga við Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið er að byggja upp enn öflugri sjóð til að vinna að fræðsluverkefnum.

## Styrkveitingar og rekstur mannauðsseturs

Sjóðurinn hefur fengið nafnið Mannauðssjóðurinn Hekla og er honum ætlað að veita styrki til fræðsluverkefna á vegum sveitar-félaga og stofnana þeirra sem tengjast markvissri starfsþróun starfsfólks sveitarfélaga. Auk þess rekur sjóðurinn mannauðs-setur sem mótar stefnu og vinnur tillögur að fræðslutækifærum auk þess að styðja og skipuleggja fræðslu til stofnana m.a. um skipulag og framsetningu símenntunaráætlana.

## Hrund ráðin framkvæmdastjóri

Mannauðssjóðurinn Hekla tekur yfir starfsemi eldri sjóðanna. Skrifstofu sjóðsins hefur verið fenginn staður í Alþýðuhúsinu á Akureyri, Skipagötu 14 Akureyri, við hlið skrifstofu Kjalar stéttarfélags.

Starf framkvæmdastjóra sjóðsins var auglýst nú í byrjun árs og var Hrund Hlöðversdóttir ráðin úr hópi umsækjenda. Hún er menntuð kennari frá Kennaraháskóla Íslands árið 1997 og lauk M.ed prófi með áherslu á stjórnun menntastofna frá Háskólanum á Akureyri árið 2011. Hrund hefur lengst af starfað við kennslu í grunnskólum og leikskólum í Reykjavík og á Akureyri en aðallega við stjórnun og gegndi hún starfi skólastjóra Hrafnagilsskóla í tólf ár.

Hrund hefur einnig skrifað námsbækur og gefið út skáldsögur síðustu ár.



# Samruni Brúar og LSA í farvatninu

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar var stofnaður árið 1942, ári eftir stofnum Starfsmannafélags Akureyrarbæjar.



Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) hefur samþykkt að hefja viðræður um samruna sjóðsins við Brú lífeyrissjóð frá og með 1. janúar 2025, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í þeim sjóði. Slíkur samruni felur í sér að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga verður óbreytt og að eignir og skuldbindingar sjóðsins verða algjörlega aðskildar öðrum eignum og skuldbindingum Brúar lífeyrissjóðs.

Viljayfirlýsingin er gefin út á grunni bókana bæjarráðs Akureyrarbæjar annars vegar og stjórnar Kjalar stéttarfélags hins vegar, þar sem framangreindir aðilar samþykkja að farið verði í fýsileikakönnun á samruna LSA og Brúar.

Leiði viðræðurnar til tillögu um samruna sjóðanna verður hún, að fengnum staðfestingum bæjarráðs Akureyrarbæjar og stjórnar Kjalar stéttarfélags, lögð fyrir ársfund sjóðsins á árinu 2025 til samþykktar. Samþykki ársfundurinn tillöguna verður hún send Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar. Þar til slík staðfesting fæst verður rekstur sjóðsins með óbreyttu sniði í höndum Stapa lífeyrissjóðs samkvæmt rekstrarsamningi.

# Ýmis einstaklingsmál

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðstoð vegna veikindaréttar og lúkningu starfs í kjölfar þeirra | Aðstoð vegna styttingu vinnuvikunnar | Skoðun á launaseðlum | Óska rökstuðnings vegna uppsagnar |
| Gera athugasemdir vegna túlkunar sem eru andstæð kjarasamningi | Hjálpa til við andmæli vegna fyrirhugaðar áminningar | Fara yfir vaktaplön í kjölfar Betri vinnutíma | Reikna út orlofsrétt |

# Nýjar eignir Orlofssjóðs

**Sóltún 28 í Reykjavík**
**Geirþrúðarhagi 1 á Akureyri**






## REYKJAVÍK



Sólheimar 25



Sólheimar 27, 3 íbúðir



Sóltún 30

## KÓPAVOGUR



Lækjarsmári 4

## MUNAÐARNES



Eyrarhlíð 37



Stekkjarhóll 63 (gestahús)



Stekkjarhóll 64



Vörðuás 20



Vörðuás 21



Eyrarhlíð 53



Eyrarhlíð 36



Reynihlíð

## HÚSAFELL



Ásendi 6

## VARMAHLÍÐ



Reykjahólsvegur 8

## SUÐURLAND



Lyngás, Bláskógabyggð

## KJARNASKÓGUR



Gata Mánans nr. 7,
Kjarnabyggð

## VAÐLAHEIÐI



Vaðlaborgir

## ILLUGASTÐIR



Illugastaðir, tvö hús

*Skiptileiga við Einingu Iðju

# Hlutfallsleg nýting orlofshúsa 2024





Norðurland
Varmahlíð
51%
Illugastaðir 15
64%
Illugastaðir 1
64%
Hólmatún
67%
Kjarnaskógur
72%
Vaðlaborgir
84%
0%
10%
20%
30%
40%
50%
60%
70%
80%
90%
100%


Vesturland
Húsafell
Stekkjarhóll 63
Vörðuás 20
Vörðuás 21
Stekkjarhóll 64
Eyrarhlíð 37
Eyrarhlíð 53
Eyrarhlíð 36
Reynihlíð
42%
15%
28%
38%
38%
42%
42%
45%
55%
0%
10%
20%
30%
40%
50%
60%
70%
80%
90%
100%


Austurland
Úlfsstaðir
38%
Eiðar 8
40%
Eiðar 7
46%
Eiðar 3
52%
0%
10%
20%
30%
40%
50%
60%
70%
80%
90%
100%


Suðurland
Lyngás
49%
0%
10%
20%
30%
40%
50%
60%
70%
80%
90%
100%

# Heitir pottar komnir við öll hús á Eiðum


Eiðar – hús nr. 3


Eiðar – hús nr. 8


Eiðar – hús nr. 7 (gestahús)

# Annað

- Gjafabréf í flug Icelandair
- Gjafabréf á öll KEAhotels
- Orlof að eigin vali
- Útlegukort
- Veiðikort

# Mannauður Kjalar



**Arna Jakobína Björnsdóttir**, formaður Kjalar leiðir stjórn félagsins og ber ábyrgð á að hún starfi í samræmi við samþykktir þess og lög. Formaður tekur þátt í gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn og tryggir að hagsmunir þeirra séu virtir. Auk þess situr hún í ýmsum stjórnum og nefndum fyrir hönd félagsins og vinnur að því að bæta kjör og starfsskilyrði félagsmanna í samræmi við stefnu félagsins.



**Anna Guðný Guðmundsdóttir**, rekstrarstjóri Kjalar sér um daglegan rekstur félagins og tryggir að starfsemin gangi vel fyrir sig. Hún tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð fyrir félagið til þess að tryggja að markmið þess náist. Anna heldur auk þess utan um sjóði félagsins og greiðslu styrkja. Hún er því í nánum samskiptum við stjórn og félagsfólk.



**Hafdís Erna Ásbjarnardóttir**, lögfræðingur Kjalar sinnir ráðgjöf og stuðningi við félagsfólk er varðar réttindamál sem tengjast vinnu félagsfólks og túlkun kjarasamninga. Hún tekur jafnframt þátt í gerð kjarasamninga til að tryggja að þeir séu í samræmi við lög og hagsmuni félagsfólks. Einnig hefur hún séð um námskeið og fræðslufundi fyrir félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur á vinnumarkaði.



**Hulda Björk Gunnlaugsdóttir**, bókari Kjalar starfar á skrifstofu félagsins á Akureyri. Hún heldur utan um og skráir útgjöld og tekjur allra sjóða félagsins, sér um afstemmingar og undirbúning fyrir ársreikningagerð til endurskoðanda. Auk þess tekur hún þátt í almennri upplýsingagjöf og þjónustu við félagsmenn á skrifstofunni. Hulda Björk hóf störf á skrifstofu Kjalar þann 1. nóvember 2024 og er boðin velkomin til starfa.



**Þóra Sonja Helgadóttir**, verkefnastjóri í Stykkishólmi sinnir þjónustu við félagsfólk, tekur á móti símtölum, tölvupóstum og öðrum erindum og veitir upplýsingar. Hún sér um orlofseignir félagsins og er tengiliður trúnaðarmanna. Þóra heldur utan um viðburði á vegum Kjalar og sinnir jafnframt ýmsum sérverkefnum sem tengjast félaginu og starfsemi þess á Vesturlandi.



**Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir**, verkefnastjóri á Ísafirði sinnir þjónustu við félagsfólk, tekur á móti símtölum, tölvupóstum og öðrum erindum og veitir upplýsingar. Hún sér um að móttaka og yfirfara iðgjöld, veita upplýsingar um orlofsmál auk þess að sinna ýmsum tilfallandi verkefnum sem tengjast daglegum rekstri félagsins á Vestfjörðum.

# Umræður



# Félagssjóður



# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Félagsgjöld og iðgjöld ........................................................ | | 125.181.922 | 117.198.889 |
| Aðrar tekjur ........................................................................... | | 42.874.567 | 29.717.489 |
| Félagsgjöld og framlög ......................................................... | | (35.729.093) | (30.908.978) |
| Fundarhöld og félagsstarf .................................................... | | (19.780.002) | (14.538.412) |
| Laun og launatengd gjöld ...................................................... | 4 | (83.178.645) | (83.050.716) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..................................... | | (17.180.538) | (16.341.816) |
| Annar rekstrarkostnaður ........................................................ | | (11.147.889) | (8.223.918) |
| Afskriftir fastafjármuna .......................................................... | 6 | (703.166) | (703.166) |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta** | | 337.156 | (6.850.628) |
| Fjármunatekjur ...................................................................... | | 5.608.433 | 6.090.942 |
| Fjármagnsgjöld ...................................................................... | | (1.290.536) | (1.399.683) |
| | 5 | 4.317.897 | 4.691.259 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 4.655.053 | (2.159.369) |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ........................................... | 6 | 32.405.864 | 33.109.030 |
| Bankainnistæður Áfallasjóðs ........................................... | | 5.971.472 | 2.220.288 |
| Bundnar bankainnistæður Félagssjóðs .............................. | | 61.505.576 | 58.741.569 |
| | | 99.882.912 | 94.070.887 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi félagsgjöld ................................................. | | 11.039.288 | 11.585.535 |
| Aðrar skammtímakröfur ................................................. | | 47.680.164 | 22.634.315 |
| Handbært fé ............................................................... | | 18.674.897 | 45.456.762 |
| | | 77.394.349 | 79.676.612 |
| **Eignir** | | 177.277.261 | 173.747.499 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Áfallasjóður | | 5.770.186 | 5.084.758 |
| Óráðstafað eigið fé | | 150.821.608 | 130.211.889 |
| **Eigið fé** | | 156.591.794 | 135.296.647 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 20.685.467 | 38.450.852 |
| | | 20.685.467 | 38.450.852 |
| Skuldir | | 20.685.467 | 38.450.852 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 177.277.261 | 173.747.499 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta ................................ | | 337.156 | (6.850.628) |
| Afskriftir ..................................................................... | | 703.166 | 703.166 |
| Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | 1.040.322 | (6.147.462) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) ............................ | | (24.499.602) | (2.595.790) |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun ....................... | | (1.810.719) | 29.078.131 |
| Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta | | (25.269.999) | 20.334.879 |
| Innborgaðir vextir og arður ............................................ | | 2.155.466 | 1.393.231 |
| Greiddir vextir ............................................................. | | (601.576) | (366.187) |
| **Handbært fé (til), frá rekstri** | | (23.716.109) | 21.361.923 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| (Hækkun)/lækkun á langtímakröfum ................................ | | (3.751.184) | (1.011.645) |
| | | (3.751.184) | (1.011.645) |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Tekjur Áfallasjóðs ........................................................ | 2.275.428 | 2.052.785 |
| Útgjöld Áfallasjóðs ........................................................ | (1.590.000) | (850.000) |
| | 685.428 | 1.202.785 |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár .................................. | (26.781.865) | 21.553.063 |
| Handbært fé í upphafi árs ............................................... | 45.456.762 | 23.903.699 |
| Handbært fé í lok árs ..................................................... | 18.674.897 | 45.456.762 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Umræður og samþykkt ársreikninga

Félagssjóður Kjalar

# Orlofssjóður



# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 166.452.827 | 133.228.704 |
| Félagsgjöld og framlög | | (14.660.595) | (14.064.028) |
| Rekstrarkostnaður Orlofssjóðs | | (82.059.199) | (76.767.895) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (4.372.575) | (4.411.745) |
| Afskriftir fastafjármuna | 5 | (16.465.112) | (16.346.300) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 48.895.346 | 21.638.736 |
| Fjármunatekjur | | 2.558.081 | 1.847.375 |
| Fjármagnsgjöld | | (557.204) | (799.240) |
| | 4 | 2.000.877 | 1.048.135 |
| **Hagnaður ársins** | | 50.896.223 | 22.686.871 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ............................................ | 5 | 351.981.265 | 334.918.274 |
| | | 351.981.265 | 334.918.274 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi orlofssjóðsiðgjöld ......................................... | | 9.653.605 | 9.442.746 |
| Aðrar skammtímakröfur ................................................... | | 8.396.241 | 5.162.701 |
| Handbært fé ............................................................... | | 89.543.181 | 50.523.578 |
| | | 107.593.027 | 65.129.025 |
| **Eignir** | | 459.574.292 | 400.047.299 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

**Eigið fé og skuldir**

| | Skýr. | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Óráðstafað eigið fé ........................................................ | | 429.128.520 | 378.232.297 |
| **Eigið fé** | | 429.128.520 | 378.232.297 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir .................................................. | | 30.445.772 | 21.815.002 |
| | | 30.445.772 | 21.815.002 |
| Skuldir | | 30.445.772 | 21.815.002 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 459.574.292 | 400.047.299 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður ............ | | 48.895.346 | 21.638.736 |
| Afskriftir ............ | | 16.465.112 | 16.346.300 |
| Söluhagnaður fastafjármuna ............ | | (24.156.819) | 0 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 41.203.639 | 37.985.036 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun ............ | | (3.444.399) | 23.787.364 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun ............ | | 8.630.770 | 3.561.902 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 46.390.010 | 65.334.302 |
| Innborgaðir vextir og arður ............ | | 2.558.081 | 1.847.375 |
| Greiddir vextir ............ | | (557.204) | (424.240) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 48.390.887 | 66.757.437 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .......................... | 5 | (9.371.284) | 0 |
| | | (9.371.284) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda ............................................... | | 0 | (60.000.000) |
| | | 0 | (60.000.000) |
| Hækkun handbærs fjár .................................................... | | 39.019.603 | 6.757.437 |
| Handbært fé í upphafi árs ............................................... | | 50.523.578 | 43.766.141 |
| Handbært fé í lok árs ..................................................... | | 89.543.181 | 50.523.578 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Umræður og samþykkt ársreikninga

Orlofssjóður Kjalar

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Tillögur til lagabreytinga

1. gr.

Félagið heitir Kjölur stéttarfélag ~~starfsmanna~~ í almannaþjónustu. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagssvæði þess er Austurland, Norðurland, Vesturland og Vestfirðir.

Félagið er stéttarfélag ~~starfsmanna~~ starfsfólks í almannaþjónustu og skiptist í tvo hluta, opinberan hluta (O-hluta) og almennan hluta (A-hluta).

**Breytingar á greinum 2. gr. , 4. gr., 5. gr. 6. gr. 7. gr. 8. gr. 9. gr.**

Þar sem orðið „félagsmanna“ breytist í félagsfólk og eða félagar eftir setningafræði hverrar greinar

3. grein 7. máls liður

Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert af ofangreindum skilyrðum til þess að geta orðið félagir og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með ~~félagsmaður~~ fullgildur félagi.

9. gr. tveir liðurinn og viðbót við hann

Komi fram tillaga um fleiri frambjóðendur en kjósa skal getur hver ~~félagsmaður~~ félagi ~~allt að~~ kosið formann, ~~átta~~ níu meðstjórnendur og tvo varamenn. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir. Ef frambjóðendur eru jafnmargir stjórnarsætum teljast þeir sjálfkjörnir.

Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal nafn frambjóðenda, vinnustað og starfsheiti. Komi fram tillaga um fleiri frambjóðendur en kjósa skal getur hver félagsmaður kosið ~~allt að~~ formann, níu ~~átta~~ meðstjórnendur og tvo varamenn. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir. Ef frambjóðendur eru jafnmargir stjórnarsætum teljast þeir sjálfkjörnir.

*Hverju framboði er skylt að tilnefna tvo umboðsmenn sem komi fram fyrir hönd þess gagnvart kjörstjórn og er þeim heimilt að vera viðstaddir talningu. Óheimilt er að viðhafa nokkurn kosningaáróður á kjörstað, né við hann, né hafa þar tillögur, áskoranir eða hvatningar um kosninguna aðrar en leiðbeiningar samkvæmt lögum félagsins.*

9. gr. Viðbót

*Ef formaður gengur úr stjórn eða forfallast á kjörtímabilinu þá tekur varaformaður við fram að næsta kjöri.*

9. gr. viðbót

*Stjórn Kjalar stéttarfélags ræður rekstrarstjóra/skrifstofustjóra félagsins. Hlutverk hans er að hafa á hendi alla daglega stjórnun félagsins, ráða starfsfólk skrifstofu Kjalar og semja um kjör þeirra.*

12. gr. viðbót og fellt brott

~~Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna félagsins og semur um kjör þeirra. Stjórnin felur formanni daglegan rekstur félagsins og ákveður laun hans.~~

*Stjórnin gerir ráðningarsamning við formann og semur um kaup og kjör hans.*

*Stjórn Kjalar stéttarfélags ræður rekstrarstjóra/skrifstofustjóra félagsins. Hlutverk hans er að hafa á hendi alla daglega stjórnun félagsins, ráða starfsfólk skrifstofu Kjalar og semja um kaup og kjör þeirra í samráði við stjórn.*

16. gr. viðbót

*Stjórn félagsins skal láta gera skrá yfir allt félagsfólk sem atkvæðisrétt hafa í sérstaka kjörskrá. Kjörskrá skal liggja frammi eigi síðar en viku fyrir kjördag. Kærufrestur er til loka kjörfundar. Nýtt félagsfólk getur gengið í félagið allt til loka kjörfundar. Umboðsmönnum þeirra sem standa að framboðum við kosningu stjórnar og trúnaðarmanna skal heimill aðgangur að félagaskrá einum mánuði fyrir kjördag.*

*Samþykkt á stjórnarfundi 13. mars 2025 til samþykktar á aðalfundi þann 20. mars 2025*

# Umræður og samþykkt lagabreytinga

KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Ákvörðun um árgjald félagsmanna og skiptingu þess milli sjóða

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Tillögur til aðalfundar

1. **Tillaga um félagsgjöld**
   Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá því sem nú er þ.e.a.s. 1% af öllum launum
2. **Tillaga um gjald í átaks- og vinnudeilusjóð**
   Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að gjald í vinnudeilusjóð verði 4% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB (sem er helmings lækkun frá því árinu áður)
3. **Tillaga um gjald í áfallasjóð**
   Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að gjald í áfallasjóð verði 2% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB
4. **Tillaga um framlag úr orlofssjóði til félagssjóðs**
   Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að orlofssjóður greiði 15% af orlofssjóðsgjöldum til félagssjóðs til að mæta kostnaði af rekstri orlofssjóðs
5. **Tillaga um félagsgjald starfsmanna sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna**
   Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að þeir embættismenn sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og eru án kjarasamnings fái aðild að félaginu. Félagsgjald verði 1% ef vinnuveitandi greiðir mótframlag en að öðrum kosti 2,11% sem skiptist í alla sjóði félagsins eftir ákvæðum þeirra þar um.

# Umræður og samþykkt á tillögum



# Átaks- og vinnudeilusjóður



# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Framlög í Átaks- og vinnudeilusjóð ................................. | | 8.054.632 | 5.654.236 |
| Aðrar tekjur ............................................................. | | 3.713.260 | 5.862.500 |
| Verkfallsbætur og samningagerð ..................................... | | 0 | (81.543.891) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ................................. | | (751.245) | (661.676) |
| Afskriftir fastafjármuna ................................................ | 5 | (413.614) | (413.614) |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta** | | 10.603.033 | (71.102.445) |
| Fjármunatekjur ......................................................... | | 1.970.070 | 2.601.706 |
| Fjármagnsgjöld ......................................................... | | (413.599) | (430.738) |
| | 4 | 1.556.471 | 2.170.968 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 12.159.504 | (68.931.477) |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ........................................... | 5 | 18.105.325 | 18.518.939 |
| Bundnar bankainnistæður ................................................ | | 37.095.878 | 17.441.516 |
| | | 55.201.203 | 35.960.455 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi framlög ..................................................... | | 8.054.632 | 3.789.413 |
| Aðrar skammtímakröfur ................................................ | | 4.055.163 | 15.401.626 |
| | | 12.109.795 | 19.191.039 |
| **Eignir** | | 67.310.998 | 55.151.494 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

**Eigið fé og skuldir**

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Óráðstafað eigið fé ....................................................... | | 65.789.157 | 53.629.653 |
| **Eigið fé** | | 65.789.157 | 53.629.653 |
| | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir ................................................ | | 1.521.841 | 1.521.841 |
| Skuldir | | 1.521.841 | 1.521.841 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 67.310.998 | 55.151.494 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta ................................ | | 10.603.033 | (71.102.445) |
| Afskriftir ................................................................ | | 413.614 | 413.614 |
| Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | 11.016.647 | (70.688.831) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) ................ | | 6.706.244 | (12.687.065) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun .................................... | | 0 | 0 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | 17.722.891 | (83.375.896) |
| Innborgaðir vextir og arður .............................................. | | 2.345.070 | 2.226.706 |
| Greiddir vextir ............................................................ | | (413.599) | (430.738) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 19.654.362 | (81.579.928) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Lán til Orlofssjóðs, (hækkun), lækkun .............................. | | 0 | 60.000.000 |
| Bundnar bankainnistæður, (hækkun), lækkun .................... | | (19.654.362) | 21.579.928 |
| | | (19.654.362) | 81.579.928 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Umræður og samþykkt ársreikninga

Átaks- og vinnudeilusjóður Kjalar

# Fræðslusjóður



# Úthlutanir ársins 2024 vs. 2023




| | Starfstengd námskeið | Sjálfsstyrking og lífsleikni námskeið | Framhaldsskólanám | Háskólanám | Náms og kynnisferðir / ráðstefnur | Ferðakostnaður | Samtals: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2024 | 7.547.002 | 2.464.684 | 4.291.259 | 7.944.169 | 5.745.121 | 232.168 | 28.224.403 |
| 2023 | 6.079.303 | 2.628.462 | 2.765.218 | 6.829.221 | 3.158.676 | 275.241 | 21.736.121 |

# HLUTFALL EINSTAKLINGSSTYRKJA 2024



# Samstarfsaðilar

Starfsmennt
FRÆÐSLUSETUR

SÍMEY
SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐ EYJAFJARÐAR

Farskólinn

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Framlög | | 35.585.358 | 45.102.352 |
| Kostnaður vegna trúnaðarmanna | | (142.080) | (13.212.724) |
| Eigin námskeið | | (4.440.505) | (4.355.816) |
| Greiddir styrkir | | (31.633.796) | (24.514.185) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (5.471.776) | (5.154.431) |
| **Rekstrartap** | | (6.102.799) | (2.134.804) |
| Fjármunatekjur | | 9.480.082 | 8.385.834 |
| Fjármagnsgjöld | | (2.028.247) | (1.845.534) |
| | 4 | 7.451.835 | 6.540.300 |
| **Hagnaður ársins** | | 1.349.036 | 4.405.496 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Bundnar bankainnistæður ........................................... | | 13.339.874 | 13.175.406 |
| | | 13.339.874 | 13.175.406 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Óinnheimtar tekjur ..................................................... | | 4.638.434 | 5.593.041 |
| Aðrar skammtímakröfur ............................................... | | 1.575.000 | 13.338.793 |
| Handbært fé ............................................................... | | 118.551.403 | 114.216.045 |
| | | 124.764.837 | 133.147.879 |
| **Eignir** | | 138.104.711 | 146.323.285 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 5 | | |
| Óráðstafað eigið fé ........................................................ | | 120.227.817 | 134.833.447 |
| **Eigið fé** | | 120.227.817 | 134.833.447 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir ............................................... | | 17.876.894 | 11.489.838 |
| Skuldir | | 17.876.894 | 11.489.838 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 138.104.711 | 146.323.285 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrartap ........................................................... | | (6.102.799) | (2.134.804) |
| Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta | | (6.102.799) | (2.134.804) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) ............................ | | (3.236.266) | (13.928.481) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) ....................... | | 15.937.340 | (2.804.667) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | 6.598.275 | (18.867.952) |
| Innborgaðir vextir og arður ............................................ | | 8.653.335 | 7.297.673 |
| Greiddir vextir ........................................................... | | (1.862.218) | (1.606.138) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 13.389.392 | (13.176.417) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Útborgað af (innlagt á) bundna bankareikninga ................. | | 496.250 | 62.556 |
| | | 496.250 | 62.556 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Hækkun/(lækkun) á skuldum við Mannauðssjóð ................ | (9.550.284) | 731.655 |
| | (9.550.284) | 731.655 |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .................................... | 4.335.358 | (12.382.206) |
| Handbært fé í upphafi árs ................................................ | 114.216.045 | 126.598.251 |
| Handbært fé í lok árs ..................................................... | 118.551.403 | 114.216.045 |

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Umræður og samþykkt ársreikninga

Fræðslusjóður Kjalar

# Rekstraráætlun 2025



KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Rekstraráætlun 2025

| | 2025 |
|---|---:|
| Rekstrartekjur | |
| Félagsgjöld og iðgjöld | 131.000.000 |
| Aðrar tekjur | 41.700.000 |
| | |
| Rekstrargjöld | |
| Félagslegur kostnaður og framlög | -33.400.000 |
| Funda og félagsstarf | -20.450.000 |
| Laun og launatengd gjöld | -90.300.000 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | -13.350.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | -17.010.000 |
| Afskriftir fastafjármuna | -700.000 |
| | |
| Rekstrartap fyrir fjármagnsliði | -2.510.000 |
| | |
| Fjármunatekjur | 6.000.000 |
| Fjármagnsgjöld | -1.500.000 |
| | |
| Hagnaður ársins | 1.990.000 |

# Umræður og samþykkt rekstraráætlunar 2025

KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

# Önnur mál

